

# Samskipti og tækni

-niðurstöður könnunar meðal íbúa á Öldrunarheimilum Akureyrar  
og aðstandenda þeirra vorið 2013-



**Atli Hafþórsson**

Máí 2013

## Inngangur

Á vordögum 2013 tóku stjórnendur Öldrunarheimila Akureyrar ákvörðun um að láta framkvæma könnun meðal íbúa heimilanna og aðstandenda þeirra. Öldrunarheimilin eru þrjú; Eini- og Grenihlíð þar sem 30 einstaklingar eiga heima (hér eftir einu nafni Hlíð) og Lögmannshlíð þar sem 45 einstaklingar búa. Könnunin snéri að samskiptum og samskiptaleiðum íbúa við aðstandendur (ættingja/vini) og með hvaða hætti íbúar fengju upplýsingar um viðburði í félagsstarfi eða um aðra dagskrá á Hlíð/Lögmannshlíð. Spurningalistarnir sem lagðir voru fyrir bæði íbúa og aðstandendur innihéldu 25 spurningar sem skiptust í fimm hluta; *Um tæki og aðgang, Form samskipta, Tíðni og gæði samskipta, Virkni* og að lokum *Bakgrunnsbreytur*.

Könnunin var framkvæmd af Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Starfsfólk RHA hitti íbúa á heimilum sínum og hafði samband við aðstandendur símleiðis dagana 20. og 21. apríl 2013 og annaðist svo í kjölfarið innslátt og uppsetningu gagnasafnsins.

Í heildina búa 75 einstaklingar á öldrunarheimilunum. Eins og vænta má er heilsa þeirra misjöfn og ljóst að ekki var á færi allra að taka þátt í könnuninni. Í nokkrum tilfellum var það mat starfsfólks að ekki væri tilefni til þátttöku íbúa og eins voru einstaklingar sem treystu sér ekki til þess að svara spurningalistunum. Þegar upp var staðið tóku alls 42 íbúar þátt, 15 karlar (35,7%) og 27 konur (64,3%). Yngsti þátttakandinn var 72 ára og sá elsti 100 ára. Meðalaldur þeirra reyndist 86,9 ár, en tíðasta aldursárið var 83ja ára, alls fimm einstaklingar. Dvalartími þátttakenda var frá innan við mánuði til tæplega sjö ára, en meðaldvalartími reyndist 23,29 mánuðir eða sem svarar tæplega tveimur árum.

Alls tók 61 aðstandandi þátt í könnuninni, 20 karlar (32,8%) og 41 kona (67,2%). Í töflu 1 má sjá staðsetningu búsetu þeirra.

## Helstu niðurstöður

### Um tæki og aðgang

Tæplega helmingur íbúanna á farsíma og ríflega þriðjungur hefur aðgang að tölvu.

Aðeins einn íbúi telur sig hafa mikla færni í tölvunotkun. Aðrir segja færni sína litla eða að spurning varðandi færni á þessu sviði eigi ekki við í sínu tilfalli.

Um þriðjungur þátttakenda í könnuninni hafði áhuga á að læra að nota tölvur.

Tölvueign og aðgengi að tölvum virðist hafa umtalsverð áhrif í þá átt að auka áhuga á frekari færni í notkun slíkra tækja.

### Form samskipta

Tæp 70% þátttakenda sögðust fara í heimsóknir til ættingja og/eða vina. Algengast er frá einni heimsókn í mánuði og upp í vikulega. Um 95% fá ættingja og/eða vini í heimsókn til sín. Algengast einu sinni í viku.

Um 75% nota síma til að eiga samskipti við ættingja og/eða vini. Hins vegar nota aðeins 5% þeirra tölvu til slíkra samskipta.

### Tíðni og gæði samskipta

Um helmingur bæði íbúa og aðstandenda telur ekki hafa orðið breytingu á tíðni samskipta eftir að íbúinn flutti á öldrunarheimilið. Hins vegar gætir misræmis í svörum þess helmings íbúa og aðstandenda sem telur að breyting hafi orðið. Sá helmingur íbúa sem telur breytingar hafa orðið er frekar á því að samskiptin hafi minnkað á meðan sá helmingur aðstandenda sem telur breytingar hafa orðið, er frekar á því að samskiptin hafi aukist.

Alls 43% íbúanna kjósa að eiga meiri samskipti við ættingja og/eða vini. Á sama tíma telja 64% aðstandenda að ættingjar þeirra kjósi að eiga meiri samskipti. Á hinn boginn kjósa 57% íbúanna ekki meiri samskipti á meðan aðeins 30% aðstandenda telja að ættingjar þeirra séu þeirrar skoðunar.

## **Virkni**

Ríflega helmingur íbúanna fylgist með auglýsingum um tilboð, dagskrá félagsstarfs og aðra viðburði innan heimilanna.

Mikill meirihluti íbúanna telur að stjórnendur og starfsfólk á heimilunum þurfi ekki að gera annað eða meira en þau gera nú þegar til að auðvelda þeim samskipti við ættingja og/eða vini.

Mikill meirihluti íbúanna telur að stjórnendur og starfsfólk á heimilunum þurfi ekki að gera annað eða meira en þau gera nú þegar til að auðvelda þeim aðgengi að fréttum og upplýsingum varðandi félagsstarfið á heimilunum

## **Virkni – viðhorf aðstandenda**

Aðstandendur voru spurðir hvað stjórnendur og starfsfólk gætu gert til að auðvelda samskipti íbúa við ættingja og vini. Aðstandendur voru jafnframt spurðir hvað stjórnendur og starfsfólk gætu gert til að auðvelda íbúum aðgengi að fréttum og upplýsingum um félagsstarfið á heimilunum. Niðurstaðan var í báðum tilfellum almennt jákvæð og algengast að aðstandendur væru ánægðir með stöðuna og vissu ekki hvað stjórnendur og starfsfólk gætu gert frekar.

Vorið 2013 veitti Samherji Ísland hf Öldrunarheimilum Akureyrar veglegan styrk til kaupa á tölvubúnaði. Ráðgert er að leggja þessa könnun fyrir íbúa heimilanna aftur að einu til tveimur árum liðnum með það að markmiði að kanna áhrif tölvuvæðingar heimilanna á tölvunotkun, samskipti og samskiptaleiðir íbúanna.